

Selfossi, 18. desember 2020
2011268

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Efni: Þingsályktunartillaga um skákkennslu í grunnskólum

Á fundi bæjarráðs Árborgar 10. desember sl. var tekið fyrir erindi frá allherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um þingsályktun um skákkennslu í grunnskólum, 106. mál.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu og felur bærarstjóra að skila inn jákvæðri umsögn.

Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar:

Sveitarfélagið Árborg telur jákvætt að skákiðkun verði gert hátt undir höfði í grunnskólum. Skák er hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar og er vel til þess fallin að örva hugann og styrkja ýmsa þætti hugsunar. Börn á grunnskólaaldri þykja líklegust allra til að njóta ávinnings í atgervi vegna skákiðkunar, sem getur styrkt gagnrýna hugsun, greiningarhæfni og getuna til sjónrænnar hugsunar. Skákiðkun í grunnskólum er þannig til þess fallin að styðja við markmið sem fram koma í aðalnámskrá um skapandi og gagnrýna hugsun. Á þessum grunni er vel við hæfi að skoða hvort flétta eigi umfjöllun um skákiðkun inn í aðalnámskrá, líkt og þar er t.d. fjallað um ýmsar íþróttar- og listgreinar.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Gísli Halldór Halldórsson,
bærarstjóri